



Ómar Þróður Björgólfsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík 10. febrúar 2015  
UST201502-256

## **Hvammur II, Fljótsdalshérað. Drög að tillögu deiliskipulags**

Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst xx sl. Þar sem óskað er umsagnar um drög að tillögu deiliskipulags ferðaþjónustuhúsa í landi Hvamms 2, Fljótsdalshéraði.

Deiliskipulagstillagan nær til 0,6 ha lands og er svæðið staðsett í landi Hvamms II í Valahreppi hinum forna á Fljótsdalshéraði.


### **Fráveita**


Í greinargerð kemur fram að fráveita frá húsum á skipulagssvæðinu er leidd í rotþrær. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna staðsetningu rotþróa á deiliskipulagsuppdrætti.

### **Náttúruminjar**

Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagstillögusvæðinu er að finna upprunalegt birkikjarr. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að raska sem minnst upprunalegu birkikjarri við framkvæmdir.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur